

? IS Birgir Andrésson: in Icelandic colours / Þröstur Helgason ; Roberts Hobbs ; formáli Ragnar Kjartansson

**Typ** Buch  
**Autor** Þröstur Helgason höfundur  
**Mitarbeiter** Ragnar Kjartansson höfundur viðprents  
**Mitarbeiter** Roberts höfundur viðprents Hobbs  
**Mitarbeiter** Gallerí Ingólfsstraeti 8 Herausgebendes Organ  
**Mitarbeiter** DISTANZ Verlag GmbH Verlag  
**Zusammenfassung** SKEMMRI SKRÁNING  
**Datum** 2021  
**Sprache** eng  
**Kurztitel** Birgir Andrésson  
**Bibliothekskatalog** leitir.is  
**Signatur** 709.2 Bir  
**Ort** Berlin  
**Verlag** Distanz Verlag  
**ISBN** 978-3-95476-412-9  
**Hinzugefügt am** 21.3.2022, 09:09:35  
**Geändert am** 30.8.2022, 14:59:35

---

? IS Brim hvít sýn = Surf white vision: 2008-2020 / Jóna Hlíf Halldórsdóttir ; inngangur eftir Guðjón S. Tryggvason ; umfjöllun um verk Jónu Hlífar eftir Auði Aðalsteinsdóttur, Becky Forsythe, Guðbjörgu Jóhannesdóttur, Sigrúnu Ölbu Sigurðardóttur og Starkað Sigurðarson ; viðtal við Jónu Hlíf eftir Auði Aðalsteinsdóttur

**Typ** Buch  
**Autor** Jóna Hlíf Halldórsdóttir myndlistarmaður höfundur viðmælandi  
**Mitarbeiter** Hjálmar Stefán Brynjólfsson myndlistarmaður  
**Mitarbeiter** Auður Aðalsteinsdóttir ritstjórn höfundur þýðandi spyrill  
**Mitarbeiter** Guðjón Sigurður Tryggvason höfundur  
**Mitarbeiter** Sigrún Alba Sigurðardóttir höfundur  
**Mitarbeiter** Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir höfundur  
**Mitarbeiter** Starkaður Sigurðarson höfundur  
**Mitarbeiter** Ásta Gísladóttir þýðandi  
**Mitarbeiter** Bernhard Kristinn Ingimundarson ljósmyndari  
**Mitarbeiter** Ástríki (forlag) útgefandi

**Zusammenfassung** Höfundur listaverka: Jóna Hlíf Halldórsdóttir, verkin eru unnin í nánú samstarfi við Hjálmar Stefán Brynjólfsson ; ritstjóri: Auður Aðalsteinsdóttir ; þýðing: Auður Aðalsteinsdóttir og Ásta Gísladóttir ; ljósmyndun listaverka: Bernhard K. Ingimundarson [og 10 að auki].

**Datum** 2021

**Sprache** eng;ice

**Kurztitel** Brim hvít sýn = Surf white vision

**Bibliothekskatalog** leitir.is

**Signatur** 709.2 Jón, 709.051 Jón, IS4-A3349, 745 Jón Bri 4to, 709.051 Jón Bri, 709.2# JÓNA H BRIM, 709.2 Jón Bri, AL4-A2217

**Ort** Reykjavík

**Verlag** Ástríki

**ISBN** 978-9935-9629-0-4

**Hinzugefügt am** 20.5.2022, 11:34:45

**Geändert am** 20.5.2022, 11:35:08

### Tags:

Ísland, Viðtöl, Myndlist, Myndlistarmenn, Jóna Hlíf Halldórsdóttir 1978-

---

## ? IS Húsameistari í hálfu öld: Einar I. Erlendsson og verk hans : 1883-1968

**Typ** Buch

**Autor** Björn G Björnsson

**Mitarbeiter** Hið íslenska bókmenntafélag

**Zusammenfassung** English summary: bls. 226-229, Skrá yfir verk Einars Erlendssonar sem sjálfstætt starfandi arkitekts: bls. 216-218

**Datum** 2022

**Sprache** ice

**Kurztitel** Húsameistari í hálfu öld

**Bibliothekskatalog** leitir.is

**Ort** Reykjavík

**Verlag** Hið íslenska bókmenntafélag

**ISBN** 978-9935-502-54-4

**Hinzugefügt am** 3.8.2022, 16:32:46

**Geändert am** 3.8.2022, 16:33:10

### Tags:

Ísland, Byggingarlist, Arkitektar, Einar Erlendsson 1883-1968

---

# ? IS1Straumar frá Bretlandseyjum: rætur íslenskrar byggingarlistar / Hjördís Sigurgísladóttir & Dennis Davíð Jóhannesson

**Typ** Buch  
**Autor** Hjördís Sigurgísladóttir höfundur  
**Mitarbeiter** Dennis Davíð Jóhannesson höfundur  
**Mitarbeiter** ARKHD - Arkitektar Hjördís og Dennis útgefandi  
**Zusammenfassung** Summary in English - p. 106-107  
**Datum** 2021  
**Sprache** ice  
**Kurztitel** Straumar frá Bretlandseyjum  
**Bibliothekskatalog** leitir.is  
**Signatur** 720.9491 Hjö, 715 Hjö Str 4to, 720.9491 Hjö G Str, 715 Hjö Str  
**Ort** Reykjavík  
**Verlag** ARKHD - Arkitektar Hjördís og Dennis  
**ISBN** 978-9935-25-092-6  
**Auflage** 1. útgáfa  
**Hinzugefügt am** 4.2.2022, 13:55:51  
**Geändert am** 14.2.2022, 16:17:04

## Tags:

Ísland, Byggingar, Byggingarsaga, Bretland

---

## dr 2"Ég, sem þreyttur kem frá liðnum vetri": Um margbrotna stöðu skáldsins og þýðandans Jóns Óskars í íslensku menningarumhverfi

**Typ** Buch  
**Autor** Guðmundur S. Brynjólfsson  
**Zusammenfassung** Í þessari ritgerð er könnuð staða skáldsins og þýðandans Jóns Óskars á íslenskum menningarvettvangi. Höfundarverki Jóns er fylgt eftir frá því hann fer að láta að sér kveða opinberlega á fimmta áratug síðustu aldar og nánast allt þar til hann lést 20. október 1998. Árin sem Jón Óskar var virkur í bókmenntalífinu voru mikil umbrotaár bæði alþjóðlega og ekki síður hér heima á Íslandi. Þannig stendur síðari heimsstyrjöldin enn þegar Jón lætur á sér bæra sem skáld og hann er rétt um tuttugu og þriggja ára þegar lýðveldið er stofnað á Þingvöllum. Hann er á hátindi sem rithöfundur á því skeiði þegar byggist upp spenna milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna og fer ekki varhluta af andrúmslofti kaldastríðs eins og það birtist okkur hér uppi á Íslandi. Hann er af þeirri kynslóð sem var nánast skyldug til að taka afstöðu með eða á móti herliði á íslenskri grund í kjölfar Keflavíkursamningsins, Jón Óskar sér '68 kynslóðina vaxa úr grasi og svo bregðast sjálfri sér og samferðafólki. Hann fylgist með uppgangi rokkónlistarinnar sem hann gefur lítið fyrir, hann horfir á erlendar sjónvarpsstöðvar sýna beint frá Persaflóastríðinu 1991. Hann lifir ekki aðeins tímana tvenna, hann lifir ótrúlega byltinga- og breytingatíma. Inn í

Þetta samfélag yrkir Jón, mestmegnis óhefðbundin ljóð, módernísk – enda eitt af hinum svokölluðu „atómskáldum“. En hann þýðir líka erlenda ljóðlist og færir inn í íslenskt bókmenntakerfi, hann snarar ljóðlist úr öðrum tíma og stillir upp með þeirri formbyltingu sem fór fram í íslenskri ljóðagerð um og upp úr miðri tuttugustu öld. Þannig kemur Jón sér fyrir sem einskonar hliðvörður sem hleypir inn t.d. frönsku sýmbólistunum og mörgum öðrum skáldum frönskum og ítölskum sem höfðu gert garðinn frægan í Evrópu áratugum fyrr. Seinkoma (e. lateness) þessara erlendu skálda í gegnum hlið Jóns Óskars, þýðingar hans, inn í íslenskar bókmenntir eru í raun líkt og örmynd af nánast öllu höfundarverki Jóns – og líka veru hans, því allur hans ferill markast af seinkomu eða hiki. Þannig er stíll hans og erindi, en þó alls ekki undir neikvæðum merkjum, heldur sýnir ritgerðin fram á að Jón Óskar er það sem kallað er arrière-garde höfundur, eða bakfylkingarhöfundur, en orðin arrière-garde og bakfylking eru notuð jöfnum höndum í ritgerðinni. Ritgerðin skiptist í fjóra meginkafla þar sem hugtök á borð við seinkoma, hik, arrière-garde eru leiðarstef, auk hugtaka á borð við tímabrengr, töf og frestun – og reyndar annarra af svipuðum meiði, en allt eru þetta hugtök sem með einum eða öðrum hætti fást við tímann og glímu manns og skálds við hann.

Rannsóknarspurningin er fjórbætt: 1) Hver er staða Jóns Óskars á íslenskum menningarvettvangi? 2) Hvernig birtist hann sem arrière-garde höfundur? 3) Hver eru helstu stíleinkenni Jóns og hver er fagurfræði hans, eða skáldskaparfræði? 4) Hvert sækir hann aðferð og fagurfræði og hvernig þróast þessir þættir á höfundarferlinum? Í fyrsta kafla ritgerðarinnar er Jón Óskar kynntur og gerð grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem er viðhöfð í ritgerðinni, þar kemur fram að rannsóknin er fyrsta viðamikla tilraunin til þess að varpa ljósi á Jón Óskar sem skáld og þýðanda, fyrsta tilraunin til þess að skoða hlutverk hans og stöðu og loks fyrsta tilraunin til þess að rýna í margt af því sem er undirliggjandi í fjölbreyttu höfundarverki hans. Skáldskapur Jóns, þýðingar hans og æviminningaskrif eru til umfjöllunar í kaflanum og eru, eins og í öðrum köflum ritgerðarinnar, grunnurinn að öllu því sem hér er til skoðunar. Í öðrum kafla er hugtakið arrière-garde kynnt eins nákvæmlega og kostur er enda er hér verið að beita því í fyrsta sinn í rannsókn á íslenskri bókmennta- og menningarsögu, en með hugtakinu er greind skáldskaparfræði Jóns Óskars og hið fagurfræðilega inntak í erindi hans á íslenskum menningarvettvangi, rætur þeirrar fagurfræði og eðli hennar. Tíminn er fyrirferðamikilið hugtak í þessum kafla ritgerðarinnar og leiðir það í margvíslegar áttir, svo sem að heimsslitafræðum, dulhyggju og aftur í franskan klassíkisma, svo eitthvað sé nefnt. Þá er gerð ítarleg grein fyrir því í þessum hluta hvernig T.S. Eliot hefur áhrif á Jón og hvernig sjá má í skáldskap Jóns Óskars þætti sem rekja má beint – en þó um Eliot – til enska skáldsins og heimspekingsins T.E. Hulme. Mikilvægi Henris Bergson er undirstrikað og sýnt fram á hvernig áhrifa hans gætir í höfundarverki Jóns. Þriðji kafli hefst á því að greint er frá sérstöku samtali sem Jón Óskar á við Alexander Jóhannesson, eða öllu heldur bók hans Menningarsamband Frakka og Íslendinga (1943), þrjátíu árum eftir að sú bók kemur út og allnokkrum árum eftir að Alexander deyr. Annars greinir þriðji kafli að stærstum hluta frá þeim áhrifum sem Albert Camus hefur á texta Jóns og fagurfræði. Í því sambandi má nefna hvernig annálastíllinn úr Plágunni endurómar í minningabókum Jóns, einnig er samhljómurinn í viðhorfum Camus og Jóns til existensíalísmans áhugaverður. Einnig fyrirritu Camus og Jón Óskar mjög

snemma, verandi dyggir vinstrimenn, ógnarstjórn Stalíns í Sovétríkjunum. Þá er í kaflanum greint frá stöðu endurminningabóka Jóns í samanburði við endurminningabækur höfunda á borð við Kristmann Guðmundsson og Halldór Laxness. Fjórði kaflinn sýnir fram á að áhugi Jóns á sérstæðum persónum í mannlífinu vaknar snemma og birtir með ákveðnum hætti þá samlíðun sem Jón hafði ætíð með lítilmagnanum. Hér er kannað hvernig Jón kortleggur bóhemíuna í Reykjavík, í bæði viðleitni til að samsama sig henni en um leið til þess að gera lesendum endurminningbókanna ljóst hvar hann stendur sjálfur innan þeirrar sömu bóhemíu. Hér eru samanburðarfræði áberandi þáttur, því Jóni er skoðaður í samanburði við skáld hinnar íslensku bóhemíu, menn eins og t.d. Jóhannes Birkiland, Steindór Sigurðsson og Vilhjálmm frá Skáholti. Leiðarstef kaflans er þó sú kenning að undir lok skáldskaparferils síns hafi Jón samsamað sig æ meira utangarðsmanninum í íslenskum veruleika, enda taldi hann sig löngum utangarðs og ekki njóta sannmælis í ýmsum menningarkreðsum þjóðarinnar, þannig hafi Jón að endingu séð sjálfan sig sem einskonar Sölva Helgason sinnar tíðar.

**Datum** 2022-05

**Sprache** is

**Kurztitel** "Ég, sem þreyttur kem frá liðnum vetri"

**Bibliothekskatalog** opinvisindi.is

**URL** <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/3030>

**Heruntergeladen am** 30.8.2022, 11:49:18

**Rechte** info:eu-repo/semantics/embargoedAccess

**Extra** Accepted: 2022-04-07T09:15:43Z Publisher: University of Iceland

**Hinzugefügt am** 30.8.2022, 11:49:18

**Geändert am** 30.8.2022, 14:49:14

## Anhänge

- Snapshot

---

## dr 2Chanting Up the Kraftaskalds: An Investigation into Their Image, Roles, and Magic

**Typ** Buch

**Autor** Eirik Westcoat

**Zusammenfassung** This work investigates the Icelandic folktale figure known as the kraftaskáld (power poet, hereafter anglicized as kraftaskald). Prominent in Icelandic folklore of the Post-Reformation period of the sixteenth through early twentieth centuries, these poets were purported to wield magic through their improvised verses, with the power to bless, curse, affect the weather, put down walking corpses, and much more. Although some kraftaskalds were anonymous, most were historical persons around whom such tales have coalesced. As a field of study, the kraftaskalds were first properly delineated by Bo Almqvist in the 1960s, but they have received relatively little attention since then; this is the first study of this length to focus exclusively on the

kraftaskalds of the post-medieval period. The goal of the study is to thoroughly characterize three main aspects of this phenomenon: The first is the nature of the figure—their identities, their reputations, and the various qualities they are portrayed to have. The second is the roles that they take on in the folklore. This includes what they do with their magic and who benefits from it, which often reveals the kind of social norms that the poets (and tellers) champion in the tales, and how the tales themselves uphold the social prestige of poetry. The third aspect is the nature of their magic, including its qualitative aspects, how it compares to other Icelandic magic, how the language of the poetic spells is arranged, and how non-verbal aspects contribute to it, with a focus on the mental state of the poets. Speech act and semiotic theories are among the tools of analysis. The corpus analyzed for these purposes is a vast array of Icelandic folklore and folklore-derived material, including folktales from the major collections of Jón Árnason, Ólafur Davíðsson, Sigfús Sigfússon; folktales from numerous smaller collections; and miscellaneous material such as latter-day sagas that are based on folktales. The majority of the material is from the nineteenth-century golden age of Icelandic folklore collection. As magic is a central element in the study, a discussion of this complex subject is prominent in the opening sections.

**Datum** 2021-08

**Sprache** en

**Kurztitel** Chanting Up the Kraftaskalds

**Bibliothekskatalog** opinvisindi.is

**URL** <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/2660>

**Heruntergeladen am** 15.7.2022, 13:01:41

**Rechte** info:eu-repo/semantics/embargoedAccess

**Extra** Accepted: 2021-08-26T15:47:56Z

**Verlag** University of Iceland, School of Humanities, Faculty of Icelandic and Comparative Cultural Studies

**ISBN** 978-9935-9563-7-8

**Nummer der Reihe** locked 31.8.2030

**Hinzugefügt am** 15.7.2022, 13:01:41

**Geändert am** 12.8.2022, 09:07:36

## Anhänge

- Snapshot

---

## dr 2Facing the Heartbeat of the World. Elías Mar, Queer Performativity and Queer Modernism

**Typ** Buch

**Autor** Ásta Kristín Benediksdóttir

**Zusammenfassung** In the late 1940s an Icelandic writer, Elías Mar (1924–2007), wrote and published novels that were set in Reykjavík and dealt with young men's same-

sex desire and sexual identity crisis. Later he became quite outspoken about his bisexuality and a well-known participant in one of the earliest queer subcultures in Reykjavík, a crowd that gathered at the café Adlon on Laugavegur 11 in the 1950s. This thesis discusses Elías's published and unpublished texts, fictional as well as personal, from the 1940s and his transformation from a frustrated teenager to a young bisexual man and one of the best known Icelandic writers. In addition to literary analyses of the texts in question the thesis studies how writing and publishing them affected Elías's personal and professional development; how becoming a published writer enabled him to travel, explore his sexual identity and express in his writings queer feelings and thoughts that rarely entered public discourse in Iceland at the time. The dissertation is the first comprehensive study of queer themes in Elías Mar's work and the first dissertation on queer Icelandic literature. It also includes an examination of how homosexuality was 'brought into discourse' in Iceland in the early and mid-twentieth century and the role Elías – and his idol, the writer Halldór Laxness – played in that process. The findings show that while it was rarely addressed in the first half of the twentieth century, public discussion of homosexuality increased significantly around 1950 and included for the first time concerns regarding the existence of male homosexuals in Reykjavík. This suggests that (male) homosexuality was in this period becoming a more prominent part of Icelanders' vocabulary and conception of the world. This development went hand in hand with other social and cultural changes generally referred to as modernisation. Homosexuality was, at least from the 1920s onward, often portrayed as a particularly modern phenomenon, both in writings that expressed concerns about modernisation and its impact on Icelandic society, culture and independence – often highly influenced by nationalist ideology – and in texts that dealt with modern life in a less condemnatory way, such as Halldór Laxness's articles on culture and society and his novel *The Great Weaver from Kashmir* (1927). Such associations moreover often included links between homosexuality and homosexuals on the one hand, and 'modern' or 'unconventional' art and artists on the other; an idea that was materialised in Elías Mar and his companions at Laugavegur 11. The literary analysis focuses primarily on Elías's first two novels, *Eftir örstuttan leik* (1946) and *Man eg þig löngum* (1949) but also on *Vögguvísa* (1950) and Elías's short stories, poetry, notebooks, essays and other published and unpublished texts from the 1940s. It builds on Eve Kosofsky Sedgwick's theoretical framework of queer performativity; a term which refers to a way of being and producing meaning in relation to sex, gender, sexuality and shame that escapes notions of homo- and heterosexuality. None of Elías's characters 'comes out' or accepts a homo- or bisexual identity but queer performativity is manifested for example in their identity crises, narcissistic self-centredness and shame, failure or refusal to become normative hetero-masculine men, and their desire for other men. The narratives are also narcissistic in the sense that they are highly self-conscious and full of intertextual connotations; they are fiction about fiction. Art and fiction are, in fact, a queer symbolic system in Elías's work; reading and writing, listening to music and watching films are queer performances that have transformative potentials and help the characters living with their shame and queer desires. The link between art and homosexuality, manifested in Icelandic public discourse, thus plays a central role in Elías's fiction from the 1940s and this thesis suggests that for him, like

his characters, artistic experience and expression was an essential part of being a queer man. Elías often emphasised the importance of writing what he called *aktúel* books, texts that actively engaged with contemporary times and in that he was under the influence of Halldór Laxness and socialist thought. Elías's prose is rarely categorised as modernist but this thesis argues that his writings from the 1940s, like for example Halldór's novels *The Great Weaver from Kashmir* and *The Atom Station* (1948), are *aktúel* and modernist in the sense that they are responses to the experience of modernity, explore and raise questions about modern society and underline the paradoxes and incoherences of modern life. The queer performativity in Elías's work is seen here as a particularly modern and modernist theme, intertwined with his personal story, socialist political stand and aesthetic vision and with the modernisation of Icelandic society; a performative response to the experience of marginalisation.

<b>Datum</b>	2019-11
<b>Sprache</b>	en
<b>Bibliothekskatalog</b>	opinvisindi.is
<b>URL</b>	<a href="https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1304">https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1304</a>
<b>Heruntergeladen am</b>	15.7.2022, 12:56:23
<b>Rechte</b>	info:eu-repo/semantics/embargoedAccess
<b>Extra</b>	Accepted: 2019-10-21T15:06:12Z
<b>Verlag</b>	University of Iceland, School of Humanities, Faculty of Icelandic and Comparative Cultural Studies
<b>ISBN</b>	978-9935-9491-1-0
<b>Nummer der Reihe</b>	locked 1.11.2020
<b>Hinzugefügt am</b>	15.7.2022, 12:56:23
<b>Geändert am</b>	12.8.2022, 09:07:54

## Anhänge

- Snapshot

---

## dr 3A Life in Stones: The Material Biography of a 17th Century Peasant from the Southern Highlands in Iceland

<b>Typ</b>	Buch
<b>Autor</b>	Kristján Mímisson
<b>Zusammenfassung</b>	Every person's life can be approached from various angles. Biographies are thus never complete narratives that tell entirely of a person's life—all the events occurred, all the relations entered, all the emotions sensed, or all the opinions uttered—but are very fragmentary and selective, always incomplete and partial. Biography, as an analytical concept, has found its way into the academic discourse of various disciplines and it has as well entered the scope of archaeology and material culture studies. There it has become accustomed to deal with material biographies or the biographies of objects in terms of their processual career, i.e. the journey of things through their lifetime, from



creation to desolation and often back to a new life through research and conservation. Such material biographies, that often draw upon Kopytoff's notion of the Cultural Biography of Things, tend to focus on the multiple meanings of things and their temporality, their standing and esteem and how all this may change through time. Hence, these studies have preferred to discuss things in terms of their meaning, or how we can approach the essence of human thought and actions through the analyses of the everchanging meaning of things. The preference given to mind over matter has led to a call for a less anthropocentric view on the bonds between humans and things arguing that the relations are of an equal standing where both humans and things make a contribution to the emergence of societies, events, actions and persons alike. This dissertation aims at locating biography within such a network of humans and things. In it I argue for a biography in terms of a remembering of biographical presences which are the surviving residues of the past assemblages that built the persona. The persona is thus a multi-temporal being whose composite elements are not only human including cognition, consciousness, self-awareness, intuition and intention, but also material, as all aspects of the persona, not only its individual body, but also its actions, practices and identities are materially constituted. In this sense biography is not merely a narrative created a posteriori but in fact the very essence of the persona and its existence, evoked by its material relations. Thus, biographies are not something we create on top of the sources but emerge out of the biographical presences at hand. Hence, biographies describe the process of the re-remembering of assemblages, that built the persona. In this thesis I introduce a theoretical approach to material assemblages that I call Singularized Archaeology. It draws in particular upon a microhistorical framework termed The Singularization of History. It is a critique on the academic condition that has been guided by grand narratives, leading the questions posed, the methods applied and the outcomes alike. Moreover, Singularized Archaeology leans towards ideas about the partibility of the persona and its material circulation that have found resonance within archaeology. But in particular, it relies on approaches such as Actor-Network-Theory and Object-Oriented-Ontology that have had an essential influence on the recent turn to things and the notion of the "new social". The empirical part of this work is based on the results from an archaeological excavation at Búðarárþakki in the district of Hrunamannahreppur in Southern Iceland. The excavation revealed a house of a very small passageway type. The place is mentioned in the Land Register from 1703 where it is stated that an old and quirky man by the name of Þorkell lived there for a decade in the later 17th century. I argue that he lived there only seasonally earning revenues by producing perforated stone tools, in particular stone hammers. The archaeological assemblage together with the scanty historical sources are the biographical presences of this particular peasant. They build up the persona and construct its identities together with the materiality of the archaeological research process itself. The material from Búðarárþakki is in most aspects small, ordinary and unimpressive. It fits perfectly into the larger scheme of grand narratives of the 17th century society in Iceland, for example about the architectural development, subsistence and social structure. A singularized perspective on the material at hand and detailed analyses of the practices and relations the material brought by, reveals however an alternative view on the assemblages including the material

relations of the persona. The persona of Þorkell at Búðarárþakki was propelled by building activities and the craft of stone perforation. These practices were not only induced by the human cognition and intentionality but as well directed by the materials involved. In this sense, the stones built up an inherent part of Þorkell's persona as they were invested in the identity of the craftsman. Þorkell had to adapt to the stones in his daily activities and they supported the human by means of their materiality, creating a composite persona of human and non-human attributes. His material relations endowed Þorkell at Búðarárþakki with life, in the same manner as the stone themselves, through their human relations, acquired life.

<b>Datum</b>	2020-03
<b>Sprache</b>	en
<b>Kurztitel</b>	A Life in Stones
<b>Bibliothekskatalog</b>	opinvisindi.is
<b>URL</b>	<a href="https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1501">https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1501</a>
<b>Heruntergeladen am</b>	15.7.2022, 13:20:13
<b>Rechte</b>	info:eu-repo/semantics/openAccess
<b>Extra</b>	Accepted: 2020-02-04T11:05:11Z Journal Abbreviation: Þorkell á Búðarárþakka: Fornleifafraeðileg persónurannsókn á 17. aldar kotbónda úr uppsveitum Árnessýslu
<b>Verlag</b>	University of Iceland, School of Humanities, Faculty of History and Philosophy
<b>ISBN</b>	978-9935-9491-6-5
<b>Hinzugefügt am</b>	15.7.2022, 13:20:13
<b>Geändert am</b>	5.8.2022, 15:16:23

## Anhänge

- Full Text PDF
- Snapshot

---

## Þr 3Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880

<b>Typ</b>	Buch
<b>Autor</b>	Erla Dóris Halldórsdóttir
<b>Zusammenfassung</b>	Þessi ritgerð er unnin út frá heimildum um tímabil sem tvær heilbrigðisstarfsstéttir á Íslandi gengu í gegnum á 120 árum, frá 1760–1880. Læknastétt var eingöngu skipuð körlum en í yfirsetukvennastétt gátu bæði lærðir sem ólærðir karlar og konur starfað. Orðin yfirsetukonur og yfirsetukvennastétt eru óþekkt í nútímamáli Íslendinga en þau orð voru notuð um það fólk sem sinni fæðandi konum á tímabili rannsóknarinnar. Báðar stéttirnar höfðu það hlutverk að koma fæðandi konum á Íslandi til hjálpar en með mismunandi hætti. Önnur stéttin, þ.e. læknastéttin, hafði einnig skyldum að gegna gagnvart sjúku fólki en yfirsetukonur sinntu eingöngu fæðandi konum og nýfæddum börnum þeirra. Þróunin sem þessar tvær stéttir fóru í gegnum átti eftir að hafa í för með sér að verkaskipting starfa í fæðingarhjálp

varð skýrari þegar leið á 19. öld. Rannsókn mín fjallar einnig um þá fæðingarþjónustu sem konum á Íslandi stóð til boða á árunum 1760–1880. Á umræddu tímabili urðu nokkrar mikilvægar framfarir í fæðingarhjálp kvenna hér á landi. Menntun lækna fór vaxandi og einkenndist bætt heilbrigðisþjónusta meðal annars af viðleitni stjórnvalda í Danmörku til að bæta aðstoð við fæðandi konur. Er sjónum beint að þeim einstaklingum er komu að fæðingarhjálp. Í fyrsta lagi menntun þeirra og hvaða hlutverki þeir gegndu í ferlinu. Í öðru lagi er rannsakað hvernig laga- og reglugerðarumhverfið þróaðist og hvaða verkanir það hafði í för með sér. Í þriðja lagi er farið yfir það hvernig þróun þekkingar og miðlunar hennar hafði mismunandi áhrif á menntun karla í lækna-stétt. Aukin menntun hafði einnig áhrif á stétt yfirsetukvenna og forsendur þeirra til að gegna hlutverki sínu. Aldrei áður hefur hér á landi farið fram jafn ítarleg athugun á þeirri fæðingarhjálp sem konum stóð til boða á þessu árabili. Íslenskar aðstæður eru í forgrunni í rannsókninni en einnig gripið til samanburðar við Danmörku, þar sem Ísland var hluti af danska ríkinu. Þar að auki er fjallað um fæðingarhjálp og aðstæður fæðandi kvenna á Englandi á 18. öld. Rannsókn þessi er meðal annars byggð á gögnum um konur og karlmenn sem komu að fæðingarhjálp á Íslandi á árunum 1760–1880. Um tvenns konar hópa af yfirsetukonum var að ræða. Fyrir það fyrsta voru það konur sem sinntu starfinu án þess að hafa menntun eða próf í yfirsetukvennafræði að baki og hins vegar konur sem lærðu og luku prófi í yfirsetukvennafræðum og voru síðan skipaðar eða ráðnar sem yfirsetukonur af yfirvöldum. Þær fengu greidd laun úr sérstökum konungssjóði. Þeir karlmenn sem komu að fæðingarhjálp á þessu tímabili eru flokkaðir í fernt. Fyrst má nefna ólærða karla sem tóku að sér hlutverk yfirsetukvenna. Í öðru lagi eru það prestar sem höfðu enga formlega menntun í yfirsetukvennafræði en voru stóð sóknarbarna sinna, sem leiddi í nokkrum tilfellum til þess að þeir gerðu það sem þeir gátu til að veita barnshafandi og fæðandi konum hjálp. Í þriðja lagi eru það karlar sem höfðu lokið yfirsetukvennaprófi. Reyndist aðeins einn karlmaður hafa lokið yfirsetukvennaprófi á þessu tímabili sem ekki var læknir. Ég kys að velja menntuðum læknum stað í fjórða hópnum sem rannsókn mín fjallar um en á umræddu tímabili voru eingöngu karlar í stétt lækna hér og í Danmörku. Þeir sem töldust til lækna voru annars vegar þeir sem höfðu litla sem enga menntun í yfirsetukvennafræði og hins vegar þeir sem fengu bæði verklega og bóklega kennslu í því fagi. Fyrsti vísir að formlegri aðkomu karla að fæðingarhjálp var með ráðningu fyrsta landlæknisins til Íslands árið 1760. Þá var vísað á bug reynslu og trú á náttúrulega hæfni einstaklinga í að hjálpa konum í barnsnauð. Beita skyldi aðferðum sem læknafræðin hafði staðfest sem réttmæta í þeim tilgangi að stuðla að öruggari fæðingarhjálp. Þrátt fyrir viðleitni danskra stjórnvalda við að koma á sama heilbrigðiskerfi hér á landi og tíðkaðist í Danmörku og veita konum fæðingarþjónustu lærðra yfirsetukvenna lánaðist það ekki. Fáar konur luku námi í yfirsetukvennafræði hér og urðu barnshafandi konur að reiða sig á ólært fólk sem víðast hvar á landinu gegndi störfum yfirsetukvenna. Í þeim hópi voru ólærðir karlar, prestar og bændur sem buðu fram aðstoð sína þegar barnið vildi í heiminn. Þessir karlar voru taldir búa yfir sérstökum eiginleikum sem yfirleitt voru eignaðir konum en það var að sýna nærgætni og umhyggju. Einn karl sem ekki hafði lækna-menntun lauk yfirsetukvennaprófi á Íslandi. Hans menntun hlaut ekki viðurkenningu og er skýringin sennilega sú að það tíðkaðist ekki í Danmörku að karlar sinntu

fæðingarhjálp nema sem lærðir lækna. Þrátt fyrir að lækna hefðu litla sem enga þekkingu á fæðingarhjálp áttu þeir samkvæmt lagaboðum að sjá um erfiðar fæðingar frá árinu 1787. Breyting varð á þessu þegar leið á 19. öldina en þá voru læknanemar skyldugir að starfa á Den kongelige Fødselsstiftelse í Kaupmannahöfn í tiltekinn tíma. Þar hlutu þeir verklega þjálfun í að taka á móti börnum, annað hvort með berum höndum eða fæðingartöngum. Þegar íslenskir lækna voru komnir með þessa menntun og reynslu í fæðingarhjálp og lærðum yfirsetukonum hafði fjölgað þannig að hægt var að manna yfirsetukvennaumdæmin var bæði ólærðum körlum og konum ýtt út með lagaboðum. Yfirsetukvennaskóli var stofnaður hér á landi árið 1912 og var aðeins konum heimilt að stunda þar nám. Sá skóli sá um að útskrifa yfirsetukonur. Árið 1925 var fyrsti prófessor í yfirsetukvennafræði ráðinn við læknadeild Háskóla Íslands. Hlutverk hans var að kenna læknanemum yfirsetukvennafræði. Frá þeim tíma er markar upphaf þessarar rannsóknar hefur menntun og aðbúnaður í umönnun barnshafandi kvenna vaxið svo að nú er Ísland eitt þeirra ríkja þar sem bæði fæstar mæður og ungbörn deyja í fæðingum. En það er hollt að líta um öxl og skoða fortíð og minnst með virðingu þeirra sem lögðu sitt af mörkum konum í barnsnauð til líknar.

**Datum** 2016-09

**Sprache** is

**Bibliothekskatalog** opinvisindi.is

**URL** <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/761>

**Heruntergeladen am** 15.7.2022, 12:59:50

**Rechte** info:eu-repo/semantics/openAccess

**Extra** Accepted: 2018-08-10T11:25:45Z

**Verlag** Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Sagnfræði- og heimspekideild

**ISBN** 978-9935-9260-7-4

**Hinzugefügt am** 15.7.2022, 12:59:50

**Geändert am** 5.8.2022, 15:16:15

## Anhänge

- Full Text PDF
- Snapshot

---

## dr 3Íslenskar bækur erlendis: bókasöfnun Willards Fiskes (1831-1904)

**Typ** Buch

**Autor** Kristín Bragadóttir

**Zusammenfassung** Bandaríkjamadurinn Willard Fiske, prófessor í norrænum fræðum og bókavörður í Cornell-háskóla í Íþöku, New York-fylki árin 1868–1883 eignaðist næststærsta safn íslenskra rita utan Íslands, aðeins Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn varðveitti meira af íslensku prentefni. Þessi ritgerð Íslenskar bækur erlendis: Bókasöfnun Willards Fiskes (1831–1904) segir frá söfnun Fiskes, aðdraganda, aðferðum, frágangi og hugmyndum hans um framtíð safnsins. Í ritgerðinni er varpað ljósi á söfnun Willards Fiskes á

íslensku prentefni. Í söfnunarstarfi hans skipti engu hvort um var að ræða forna prentgripi, sem orðnir voru fágæti, eða nýjasta smáprent, svo sem grafskriftir, tækifæriskvæði á einblöðungum og markaskrár. Hann sóttist einnig eftir erlendu prentefni ef það tengdist Íslandi eða Íslendingum á einhvern hátt. Vesturheimsprenti safnaði hann eftir föngum. Bréfasafn Fiskes frá tímabilinu 1847–1904 hefur varðveist vel og er meginefni ritgerðarinnar fengið úr bréfunum, stöku sinnum reikningum vegna innkaupa en auk þess er stuðst við prentuð rit í rannsókninni. Hann hélt sjálfur til haga því sem mikilvægt taldist. Bréfasafn hans var flutt með ritakosti frá Flórens til Íþöku árið 1905 og hafa skjöl hans verið varðveitt við bestu aðstæður. Bréf Fiskes til ýmissa Íslendinga hafa mörg varðveist. Kenningarlegur bakgrunnur ritgerðarinnar eru verk Pierre Bourdieus um menningarlegt auðmagn. Ritgerðin, sem nær yfir árabilið 1850–1904, skiptist efnislega í þrennt. Í fyrsta hluta, sem fjallar um aðdraganda þess að áhugi Fiskes beindist að Íslandi og síðan söfnun hans á íslensku prentefni, er vikið að ýmsum ytri skilyrðum og umhverfi ungs og áhrifagjarns námsmanns í New York-fylki fyrir og um miðja 19. öld. Hann raungerði drauma sína og dvaldist í Danmörku og Svíþjóð árin 1850–52 og þar fékk hann þá hugmynd að Íslandi skyldi hann þjóna og vinna að málefnum þess eins vel og honum væri unnt. Þjóðernishugmyndir á Norðurlöndum höfðu áhrif á verkefnisval hans. Gerð er grein fyrir götiscismanum og skandinavismanum, stefnum sem Fiske varð fyrir áhrifum frá og sem styrktu hugmyndir hans um sérstöðu Norðurlanda. Í Íslandsferð sinni 1879 kynntist hann mönnum sem unnu að söfnuninni fyrir hann. Annar hluti er rannsókn á söfnun og söfnunaraðferðum Fiskes. Kannað er hvernig hann fór að því að eignast safnið. Enn fremur er sýnt fram á hvaða áherslur hann lagði á efnið sem hann eignaðist við söfnunina. Þá er fjallað um það hve mikla áherslu Fiske lagði á íslenska safnið sitt og hvernig hann notfærði sér kunnáttu og hæfni ýmissa Íslendinga við söfnunina en hann naut aðstoðar sérstaklega hæfileikaríkra manna og bjó sér til þéttriðid tengslanet. Mestu af efninu var safnað á árunum 1883–1904 á meðan Fiske bjó í Flórens. Gerð er grein fyrir menningarástandinu í Flórens á þeim árum. Meginkjarni ritgerðarinnar snýst um tengslanet Fiskes sem var honum mikilvægt því án tenglanna hefði hann ekki náð öllu því efni saman sem árið 1904 myndaði Íslandssafn hans, en þá taldi það um 10.000 bindi. Hann sóttist alltaf eftir bestu fáanlegu eintökunum og greiddi vel fyrir öll rit smá og stór, gömul og ný. Í ritgerðinni er gerð grein fyrir aðstoð íslenskra menntamanna við söfnun hans. Í þriðja hluta er fjallað um framtíðarhugmyndir safnarans. Hvað var það sem vakti fyrir Fiske með íslensku ritunum? Hver var tilgangur hans með söfnuninni og hvað sá hann fyrir sér eftir sinn dag? Rök eru færð fyrir því að hann hafi haft ákveðin markmið í huga með söfnuninni og unnið markvisst að þeim markmiðum í áratugi án þess að hvika frá þeim nokkru sinni. Með söfnun sinni var Fiske að bjarga menningarverðmætum sem hann áttaði sig fljótt á að yrðu annars eyðingu að bráð. Í þessum hluta er fjallað um hvernig Fiske gerði umheiminum grein fyrir því hvað var í safni hans. Fjallað er um áherslu á að aðgangur yrði greiður fyrir lærða og leika og einnig hvernig búið var um safnið til framtíðar. Ljóst er að Fiske hafði skýra mynd af því hvað hann ætlaði sér með safninu og hann gekk frá því á besta mögulega hátt fyrir komandi kynslóðir. Hann vildi að safnið fengi verðugt hlutverk meðal menntamanna eftir sinn dag og gekk svo frá erfðaskrá sinni að það nyti ágættra sjóða til langframa. Greina má snemma á söfnunartímanum að Fiske hafði

ákveðið markmið og ætlaði safni sínu ákveðið hlutverk eftir sinn dag. Í ritgerðinni eru færð rök fyrir því að söfnun hans á íslensku prentefni hafi ekki verið handahófskennd heldur hafi ásetningur hans verið að varðveita íslenska menningararfleifð á heildstæðan hátt og að lokum hafi hann verið búinn að eignast ígildi þjóðbókasafns þar sem allt prentefni frá mestu forngrípum til nýprentaðs snifsis var haldið saman. Ekkert einkasafn hafði á að skipa jafnmiklu efni og er safn Fiskes því einstakt. Til marks um það má nefna að sjö bækur frá 17. öld eru í safni hans sem hvergi annars staðar eru til og sýnir það að varðveisla hans hefur tekist. Fiske glímdi við veikindi meirihluta söfnunartímans. Hann nýtti tengla sína og safnaði af öllum krafti til þess að gera safn sitt þannig úr garði að það væri heildstætt og greiddi vel fyrir ritin og þá vinnu sem leit að þeim hafði í för með sér. Þó að Íslendingar hafi notið góðs af áhuga margra erlendra manna um aldir hafa fáir eða engir lagt jafnmikið af mörkum í þágu þjóðarinnar og Willard Fiske.

<b>Datum</b>	2017-06
<b>Sprache</b>	is
<b>Kurztitel</b>	Íslenskar bækur erlendis
<b>Bibliothekskatalog</b>	opinvisindi.is
<b>URL</b>	<a href="https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/350">https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/350</a>
<b>Heruntergeladen am</b>	15.7.2022, 13:09:40
<b>Rechte</b>	info:eu-repo/semantics/openAccess
<b>Extra</b>	Accepted: 2017-08-23T13:34:13Z
<b>Verlag</b>	Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Sagnfræði- og heimspekideild
<b>ISBN</b>	978-9935-9245-2-0
<b>Hinzugefügt am</b>	15.7.2022, 13:09:40
<b>Geändert am</b>	12.8.2022, 08:46:45

## Anhänge

- Full Text PDF
- Snapshot

---

## dr 3Íslenskar þulur síðari alda

<b>Typ</b>	Buch
<b>Autor</b>	Yelena Sesselja Helgadóttir
<b>Zusammenfassung</b>	Ritgerð þessi til doktorsprófs í íslenskum bókmenntum miðar að því að skilgreina þulur síðari alda (þjóðkvæði frá u.þ.b. 15.–20. öld) sem kveðskapargrein með nákvæmari hætti en áður hefur verið gert og setja þær betur í samhengi íslenskrar bókmennta- og munnmenntasögu. Skilgreining á þulum byggist á helstu sérkennum þeirra, en þau eru einkum fólgin í afar frjálsu bragformi – á mörkum lausamáls – og í lausmótaðri byggingu með miklum tilbrigðum. Þá hafa sterk tengsl við konur og börn talist einkenna flutning á þulum síðari alda og hlutverk þeirra. Þessir þættir eru teknir til ýtarlegrar skoðunar í ritgerðinni, en rannsóknir á þulum síðari alda eru af skornum skammti og hafa helst snúist um tengsl þulna við sambærilegan

kveðskap annars staðar á Norðurlöndum og annan samtíðarkveðskap sinn, sem og um varðveislu þulna og söfnun – ásamt öðrum þjóðkvæðum – á 19. öld. Þá er tengslum þulna síðari alda við þulur í íslenskum fornþókmenntum gefinn hér meiri gaumur en áður. Rannsóknin sýnir fram á það að til þess að skilgreina þulur síðari alda og afmarka þær frá öðrum þjóðkvæðum þarf að nota alla áður nefnda þætti í senn: bragform, byggingu og flutning. Bragform þulna síðari alda markar mjög sérstöðu þeirra, en þær lúta talsvert sveigjanlegri reglum en viðteknar bragreglur íslensks kveðskapar síðari alda. Þessum sveigjanlegu reglum – sem hér eru nefndar lausbundið mál – er ýtarlega lýst í ritgerðinni. Lausbundið mál er einkennandi fyrir þulur – en önnur þjóðkvæði geta þó einnig verið í slíku formi. Sérstaða þulna síðari alda felst í enn meiri mæli í þulubyggingu sem grundvallast á upptalningum; talin eru upp heiti, minni og jafnframt stærri samsettar einingar (blokkir). Þulubygging einkennist einnig af tilbrigðum og miklum textatengslum. Rannsóknin leiðir í ljós að upptalning sé aðaldrifkrafturinn í þulubyggingu – miklu frekar en t.d. rökrétt frásögn – og að þulur síðari alda hafi að stórum hluta tekið hana í arf frá fornþulur. Áþekka byggingu eða sum hver einkenni hennar er samt sem áður ekki útilokað að finna í öðrum íslenskum þjóðkvæðum. Þá er margt sameiginlegt hvað varðar hlutverk fornþulna og þulna síðari alda, en upptalningar á margvíslegum hlutum og atburðum skapa í hvorum þulukveðskapnum um sig nokkurs konar heimsmynd. Þessi heimsmyndarsköpun virðist vera veigameiri þáttur í þulum fyrr og síðar heldur en frásögn eða lýrísk tilfinningatjáning. Tengsl þulna við eldra fólk og konur (sem flytjendur) og börn (sem áheyrendur) eru vissulega einnig mikilvæg, sem og hlutverk þulna í barnaupplendi, en einkenna hins vegar vart þulur umfram ýmis önnur þjóðkvæði. Ofangreind sérkenni í bragformi, byggingu og hlutverki þulna þurfa að fara saman og vera studd fleiri þáttum, þ.á m. munnlegri geymd og skyldleika við kveðskap annars staðar á Norðurlöndum, svo að í ljós komi heildarmynd af þulum sem þjóðkvæðagrein. Þannig má greina þulur síðari alda frá öðrum munnmenntum, ekki ólíkum, og afmarka þær með formlegri og skýrari hætti sem heildstætt textasafn með sameiginleg sérkenni sem skýrast að miklu leyti af uppruna þulna síðari alda bæði í þuluhefð miðalda og í nýju efni sem barst frá meginlandi Evrópu undir lok miðalda og á næstu öldum. Frá fornþulur taka þulur síðari alda að verulegu leyti í arf bæði byggingu sína og hlutverk – en bragformið, og að hluta til innihald, er í ætt við það sem gefur að líta í skyldum kveðskap á Norðurlöndum, svo að þar má gera ráð fyrir erlendum áhrifum. Þessi blandaði uppruni er einstæður í íslenskum þjóðkvæðum, eins og kemur nánar fram í niðurstöðum, og skýrir sérstöðu íslenskra þulna síðari alda meðal sambærilegs kveðskapar á Norðurlöndum.

<b>Datum</b>	2020-09
<b>Sprache</b>	is
<b>Bibliothekskatalog</b>	opinvisindi.is
<b>URL</b>	<a href="https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1939">https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1939</a>
<b>Heruntergeladen am</b>	15.7.2022, 13:11:06
<b>Rechte</b>	info:eu-repo/semantics/openAccess
<b>Extra</b>	Accepted: 2020-08-10T10:06:28Z ISBN: 9789935949196 Publisher: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Íslensku- og menningardeild
<b>Hinzugefügt am</b>	15.7.2022, 13:11:06

## Anhänge

- Full Text PDF
- Snapshot

---

## dr 3Jómsvíkinga saga. Sérstaða, varðveisla og viðtökur

**Typ** Buch

**Autor** Þórdís Edda Jóhannesdóttir

**Zusammenfassung** Jómsvíkinga saga er meðal elstu varðveittu veraldlegra sagna á Íslandi. Hún hefur að öllum líkindum verið skrifuð á fyrri hluta 13. aldar en er varðveitt í fjórum ólíkum gerðum frá miðöldum í jafnmörgum handritum. Fræðileg umfjöllun um söguna hefur einkum beinst að tveimur þáttum. Annars vegar hefur uppruni og tilurð sögunnar verið í brennidepli fræðimanna en hins vegar hvernig eigi að skilgreina hana. Hún hefur þótt falla illa að hefðbundinni flokkun íslenskra miðaldabókmennta vegna þess að í henni mætast einkenni konungasagna, Íslendinga-sagna og fornaldarsagna. Í rannsókninni er fjallað um Jómsvíkinga sögu í víðu samhengi með það í huga að textinn, varðveisla hans og hugmyndir um hann á ýmsum tíma geti skýrt stöðu hennar meðal íslenskra miðaldabókmennta. Um leið er textinn nýttur til þess að varpa ljósi á ýmsa þætti sagnaritunar á miðöldum. Jómsvíkinga saga er meðal elstu íslensku verka þar sem sögulegum atburðum er miðlað með aðferðum sem fremur einkenna skáldskap en sagnfræði. Í ritgerðinni eru færð rök fyrir því að nýjungar í bókmenntum á 12. öldinni á meginlandi Evrópu skipti máli þegar kemur að þróun íslenskra miðaldabókmennta um og upp úr 1200. Með nákvæmri greiningu á Jómsvíkinga sögu kemur í ljós blöndun hefða og nýjunga sem á eftir að taka á sig skýrari mynd í veraldlegum íslenskum miðaldabókmenntum á 13. og 14. öldinni.

**Datum** 2016-11

**Sprache** is

**Bibliothekskatalog** opinvisindi.is

**URL** <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/239>

**Heruntergeladen am** 15.7.2022, 13:14:37

**Rechte** info:eu-repo/semantics/openAccess

**Extra** Accepted: 2017-04-25T11:04:38Z

**Verlag** Hugvísindastofnun. Háskóli Íslands

**ISBN** 978-9935-9260-8-1

**Hinzugefügt am** 15.7.2022, 13:14:37

**Geändert am** 12.8.2022, 09:07:26

## Anhänge

- Snapshot



---

## dr 3Lénið Ísland 1541-1683. Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra.

**Typ** Buch

**Autor** Kristjana Kristinsdóttir

**Zusammenfassung** Ísland var lén í Danmörku. Rekstur þess og stjórnýsla var sambærileg við önnur lén innan danska ríkisins. Vestmannaeyjar voru ekki hluti af léninu Íslandi. Í rannsókninni er leitast við að sýna fram á hver staða Íslands var innan danska ríkisins og hvernig þróun stjórnýslunnar í Kaupmannahöfn birtist hér á landi. Jafnframt er varpað ljósi á þau skjöl sem til urðu vegna reksturs lénsins og með stjórnýslu konungs. Hér er um að ræða fyrstu stóru skrefin í mótun ríkisvalds á Íslandi með styrkingu konungsvalds, þar sem einn lénsmaður fer með völdin á landinu fyrir hönd konungs. Þær rannsóknarspurningar sem leitað hefur verið svara við eru: Hverjir voru lénsmenn konungs á Íslandi? Hvað felst í heimildinni lénsreikningur? Hvernig mótast og þróast stjórnýsla konungs? Hvaða skjöl urðu til á tímabilinu 1541–1683 við stjórn og rekstur lénsins Íslands? Frumheimildir um stjórnýslu þessa tímabils hafa um margar aldir verið sundraðar og ekki áður verið tekið á þeim út frá uppruna skjalanna og stjórnýslulegu samhengi nema að litlu leyti. Frumheimildir hafa verið skoðaðar á söfnum bæði á Íslandi og í Danmörku. Einkum voru skoðuð skjöl í danska Ríkisskjalasafninu, Den Arnamagnæanske samling i Kaupmannahöfn, Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á Íslandi, Þjóðskjalasafni Íslands og Landsbókasafni – Háskólabókasafni, handritasafni. Gefast með þessu ný tækifæri til að skoða innbyrðis tengsl stjórnýslunnar og meta söguna frá nýjum sjónarhóli. Þessi saga hefur lítið verið rannsökuð og er óskandi að fyrirliggjandi rannsókn vekji áhuga manna enn frekar á sögu 16. og 17. aldar.

**Datum** 2020-09-08

**Sprache** is

**Bibliothekskatalog** opinvisindi.is

**URL** <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/2061>

**Heruntergeladen am** 15.7.2022, 13:17:56

**Rechte** info:eu-repo/semantics/openAccess

**Extra** Accepted: 2020-09-11T10:16:37Z

**Verlag** Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Sagnfræði- og heimspekideild

**ISBN** 978-9935-9563-2-3

**Hinzugefügt am** 15.7.2022, 13:17:56

**Geändert am** 12.8.2022, 09:25:50

### Anhänge

- Full Text PDF
- Snapshot

---

## dr 3Lýðræði í mótun: félagastarf, fjölmiðlun og þátttaka almennings 1874-1915

**Typ** Buch

**Autor** Hrafnkell Lárusson

